



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 50 ára afmælishátíð
Félags heyrnarlausra
11. febrúar 2010**

Ágætu hátíðargestir

Á þessum merku tímamótum er það í senn heiður og ánægja að taka við fyrsta eintaki af hinu veglega verki „Saga heyrnarlausra á Íslandi“ og óska ykkur til hamingju með ritið og afmælið; þakka um leið allt ykkar mikla starf, árangurinn sem skilað hefur heyrnarlausum bættri stöðu, réttindabótum, og veitt þjóðinni nýja sýn á glímuna við slíka erfiðleika.

Það var hugsjónafólk sem ýtti baráttunni úr vör og fyrir hálfri öld var á brattann að sækja, í samfélaginu var takmarkaður skilningur á veröld þagnarinnar, á hvernig hægt væri að veita heyrnarlausum tækifæri til náms og starfa, tryggja tungumáli þeirra jafnstöðu og opna þeim heiminn á nýjan hátt.

Þótt vissulega megi enn gera betur hefur mikið áunnist og fyrir það ber að þakka á þessari stundu, þakka brautryðjendum og öllu því góða fólki sem lagt hefur hönd á plóg.

Við erum stolt af íslenskri tungu, arfleifð menningar og sögu, snilld skálda sem um aldir færðu okkur kvæði, bókmenntir. Blæbrigði málsins eru leiftrandi áheit um nýsköpun og ferska hugsun, hvernig ávallt er hægt að klæða breytingar á veröldinni í búning íslenskunnar. Þar er tungumálið galdrastafur.

Töfrarnir urðu enn meiri þegar táknmálið jók víddum við íslenska tungu sem nú birtast okkur ýmist í búningi texta, talmáls eða tákna. Hinn mikli árangur sem þið hafið náð er að íslenska táknmálið er nú samofið menningu okkar og ættjarðarvitund um leið og það er í daglegri önn tæki notenda sinna.

Rannsóknir í heilbrigðisvísindum og framfarir í margs konar tækni eru líka sífellt að skapa nýja möguleika. Þar hefur ykkar góða félag veitt í

senn hvatningu og stuðning, eflt skilning á því besta sem er í boði, knúið fram umbætur í réttindamálum. Allt hefur þetta kostað baráttu og fórnfýsi en árangurinn hefur líka glatt marga.

Og enn er félagið í forystu fyrir málefnum heyrnarlausra, nú með ráðstefnum og málþingi í tengslum við hálftrar aldar afmælið um leið og sögusýningin eflir skilning okkar á því hve miklu hefur í raun verið komið í verk.

Afmælið er því í senn uppskeruhátíð og áfangi í baráttunni enda er slíkt samspil mjög í anda hugsjónanna sem verið hafa leiðarljós Félags heyrnarlausra.

Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju og færi ykkur þakkir þjóðarinnar fyrir ykkar góða starf.